

Miðvikudagur 14. maí 2025 Mætt: Gylfi, Sigríður, Unnur Edda, Jóhann, Guðbrandur, Þórunn félagsmálafulltrúi og Daníel Þröstur nýkjörinn forseti NFMH.

Fundur settur kl 17:20

1. Farið yfir skólaárið 2024-2025 og næsta skólaár

- Daníel Þröstur forseti NFMH ræðir næsta skólaár. Verður hefðbundið og svipað sett upp og vanalega. Rætt um ráð og nefndir
- Gylfi ræðir um styrki foreldraráðs og nefnir við Daníel að hægt sé fyrir ráð og nefndir innan NFMH að sækja styrki til foreldraráðs. Þórunn nefnir t.d. Lagningardagaráðið, tilvalið fyrir þau að sækja um styrki til að fá flotta fyrirlesara eða halda t.d tónleika.

Foreldraráð þakkar Daníel Þresti fyrir gott innlegg.

- Hugmynd um að hafa aðalfund í haust – halda svo foreldrafræðslu eftir áramót - aftur að vera í samstarfi við Kvennaskólann. Unnur Edda tekur það að sér að tengjast við Kvennó.
- Vantar nýjan fulltrúa í skólanefnd, áheyrnafulltrúi foreldraráðs þar sem Sigríður stígur til hliðar, Jóhann tekur sæti sem fulltrúi í skólanefnd, Unnur Edda til í að vera varamaður.
- Sigríður ræddi um síðasta skólanefndarfund og fjárhagsáætlun þar, vísaði í fundargerð skólanefndar sem er inn á síðu skólans.

2. Næsta haust. Kynning fyrir foreldra nýnema,

- Gylfi mun taka það að sér að kynna foreldraráðið og óska eftir fleiri foreldrum í ráðið – Gylfi stígur til hliðar sem formaður í haust eftir aðalfund.
- Stefnt að því að halda aðalfund miðvikudag. 8. október.
- Unnur Edda verður í sambandi við Ragnheiði fulltrúa foreldraráðs Kvennó með fræðslufund eftir áramót þá í janúar 2026.
- Sigríður bendir á séra Bjarna Karlsson sem tilvalinn fyrirlesara.

Gylfi þakkar fyrir flotta samvinnu foreldráðs MH skólaárið 2024-2025.

Fundi slitið

Kl 18:20